



Fundur í sveitarstjórn

88. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 13. september 2018. Fundur var settur kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Oddný Sigríður Kristjánsdóttir, Halldór Rúnar Stefánsson, Jósteynn Hermundsson, Siggeir Stefánsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 862. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. ágúst 2018
- 2) Fundargerð 405. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 27. ágúst 2018
- 3) Fundargerð 307. fundar stjórnar Eyþings, dags. 28. ágúst 2018
- 4) Fundargerð 85. fundar samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. ágúst 2018
- 5) Fundargerð hafnarnefndar, dags. 11. september 2018 (*send út sérstaklega síðar*)
- 6) Ársreikningar Safnahúss Þingeyinga og Árbókar Þingeyinga 2017
- 7) Beiðni sýslumanns um umsögn um umsókn KNA veitinga ehf. vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar að Eyrarvegi 3 (Sandur)
- 8) Erindi mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 22. ágúst 2018, vegna #églíka
- 9) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um þjóðgarðsstofnun
- 10) Minnisblað slökkviliðsstjóra Langanesbyggðar um kaup á léttum bíl fyrir slökkvilið, dags. 5. september 2018
- 11) Hafnartangi 1 Bakkafirði
- 12) Langanesvegur 2
- 13) Langanesvegur 13
- 14) Langanesbyggð – drög að samþykktum til kynningar
- 15) Frá U-Lista: Finna fjörður, ósk um nánari upplýsingar
- 16) Skýrsla sveitarstjóra/skrifstofustjóra



Fundargerð

- 1. Fundargerð 862. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 2. Fundargerð 405. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 27. ágúst 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 3. Fundargerð 307. fundar stjórnar Eypings, dags. 28. ágúst 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 4. Fundargerð 85. fundar samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. ágúst 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 5. Fundargerð hafnarnefndar, dags. 11. september 2018**
Fundargerðin lögð fram.
Til máls tók: Jónas Egilsson.
- 6. Ársreikningar Safnahúss Þingeyinga og Árbókar Þingeyinga 2017**
Ársreikningarnir lagðir fram.
- 7. Beiðni sýslumanns um umsögn um umsókn KNA veitinga ehf. vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar að Eyrarvegi 3 (Sandur)**
Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn fyrir sitt leyti og að því gefnu að skilyrðum annarra umsagnaraðila sé fullnægt.
Samþykkt samhljóða.
- 8. Erindi mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 22. ágúst 2018, vegna #églíka**
Bókun um afgreiðslu: Erindinu vísað til velferðarnefndar og vinnuhóps um heilsuefandi samfélag til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.
- 9. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um Þjóðgarðsstofnun**
Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn tekur undir sérálit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp og breytingu á lögum um náttúrvernd. Þá vill sveitarstjórn að við ákvörðun hlutverks Þjóðgarðsstofnunar, ef af verður, verði tekið tillit til þeirra atvinnuvega sem nú þegar nýta hálendið og hefðbundinnar nýtingar þess. Sveitarstjórn tekur einnig undir álit stjórnar Eypings frá 307. fundi hennar, um að



Þjóðgarðsstofnun verði staðsett á landsbyggðinni sem yrði í samræmi við stefnu stjórnvalda í byggðamálum.

Samþykkt samhljóða.

10. Minnisblað slökkviliðsstjóra Langanesbyggðar um kaup á léttum bíl fyrir slökkvilið, dags. 5. september 2018

Minnisblað slökkviliðsstjóra lagt fram. Þar kemur fram að þörf sé á að hafa léttan viðbragðs- og þjónustubíl sem gæti nýst við ýmis störf, bakvaktir o.fl. Auk þess gæti hann komið að góðum notum sem vettvangsstjórnunarbíll.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn heimilar sveitarstjóra í samráði við slökkvistjóra að kaupa viðbragðs- og þjónustubíl fyrir Slökkvilið Langanesbyggðar, ef hentugur bíll finnst. Bíllinn þarf að uppfylla allar helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra forgangsakstursbifreiða, sbr. framlagt minnisblað slökkvistjóra, dags. 5. september 2018. Sveitarstjórn samþykkir að heimila allt að 4 m.kr. fjárveitingu til kaupanna og nauðsynlegra merkinga á bifreiðinni. Enn fremur er framlagður viðauki við fjárhagsáætlun 2018 samþykktur. Ef hentugur bíll finnst ekki á þessu ári verði gert ráð fyrir þessum kaupum í fjárhagsáætlun 2019.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Siggeir Stefánsson og Sólveig Sveinbjörnsdóttir sitja hjá.

Til máls tók: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, sem lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-lista: U-listinn leggur til að farið verði í þarfagreiningu á bílafloata sveitarfélagsins og þessu verði vísað í fjárhagsáætlun 2019 til greiningar.

11. Hafnartangi 1 Bakkafirði

Minnisblað skrifstofustjóra dags. 13. sept. 2018 lagt fram.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að heimila sveitarstjóra að selja Bylgju Dögg Sigurbjörnsdóttur húsnæði í eigu sveitarfélagsins að Hafnartanga 1 á Bakkafirði. Kaupandi mun frá kaupdegi ábyrgjast húsið og það tjón sem af því mögulega kann að hljótask eftir þann tíma. Umsamið kaupverð er ein króna. Frá kaupsamningi skal gengið fyrir 30. september 2018.

Samþykkt samhljóða.

12. Langanesvegur 2

Gögn frá síðasta fundi lögð fram að nýju.

Bókun um afgreiðslu: Málinu frestað til næsta reglulega fundar sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.



13. Langanesvegur 13

Lagðar fram teikningar frá Gylfa Guðjónssyni arkitekt með tillögu að endurbótum og viðbyggingu húsnæðis að Langanesvegi 13. Einnig er lagt fram minnisblað frá Teiknistofu Norðurlands vegna aðalskipulagbreytinga lóðarinnar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagðar teikningar af húsnæði á Langanesvegi 13 að útlitsbreytingu hússins sbr. blöð 101, 102 og 103. Enn fremur samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra undirbúning að breytingu á aðalskipulagi lóðarinnar. Breytingar á aðalskipulagi eru háðar þeim skilyrðum að eigandi hússins, RARIK, tryggi þar hljóðvist, gott útlit, loftmengun verði í lágmarki og fullnaðar frágangi lóðar.

Samþykkt samhljóða.

14. Langanesbyggð – drög að samþykktum til kynningar

Drög að nýjum samþykktum sveitarstjórnar Langanesbyggðar lögð fram til kynningar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að vinna við samþykktir haldi áfram á grunni framlagðra gagna, einnig samþykkir sveitarstjórn að halda vinnufund vegna samþykktanna svo fljótt sem verða má.

Samþykkt samhljóða.

15. Frá U-Lista: Finnafjörður, ósk um nánari upplýsingar

Til máls tóku: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson veitti andsvar. Sigríður Friðný Halldórsdóttir lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-listans: U-listinn vill bóka að ekkert hefur heyrst varðandi Finnafjarðarmálið frá því á fyrsta sveitarstjórnafundi þar sem var sagt að nú færi fljótlega að vera fundur varðandi verkefnið því mikið væri að gerast í málinu. Síðan þá hefur okkur fundist við hafa verið í hálf lausu lofti þegar kemur að verkefninu þar sem við höfum engar upplýsingar fengið um gang mála eða hvernig samningagerð stendur. Þetta er það stórt og mikilvægt mál að sjálfsagt er að vera upplýst um það reglulega. Okkur finnst mjög óþægilegt að heyra í fréttum að eftir tvær vikur eigi að taka endanlega ákvörðun um verkefnið og við höfum enn ekki fengið neinar upplýsingar nema að samningsgerð sé í gangi.

16. Skýrsla sveitarstjóra/skrifstofustjóra

- Unnið er við nokkur smáverkefni og lagfæringar á húsum sveitarfélagsins. Meðal annars er unnið við að ljúka málningarvinnu á félagsheimilinu Þórsveri. Skipt hefur verið um gluggalista í elsta hluta húsnæðis grunnskólans, leki kom þar upp í vetur sem leið. Undirbúningsframkvæmdum við leikskóla miðar vel áfram. Yngri deildin sem var á Seli, hefur verið flutt í bráðabirgðahúsnæði (gáma) sem komið hefur verið upp fyrir utan húsnæðið við Hálsveg. Í undirbúningi er frágangur á göngustígum milli húsanna.



- Dagana 30. og 31. ágúst síðastliðinn heimsótti nefnd stjórnarráðsins um málefni Bakkafjarðar Langanesbyggð, fundað var með sveitarstjórn, íbúum Bakkafjarðar, upphaflegum aðgerðahóp og atvinnurekendum á Bakkafirði.
- Í samræmi við stefnumótun, samþykktir og ákvarðanir sveitarstjórnar varðandi Finnaðarverkefnið, hefur verið unnið áfram að gerð nauðsynlegra draga að stofnskjölum, samþykktum, hluthafasamkomulögum, o.fl. sem nauðsynlegt er að liggja fyrir vegna stofnunar þeirra tveggja fyrirtækja sem að er stefnt að verði stofnuð í því skyni að halda utan um verkefnið. Þá hefur verið unnið áfram með drög að samstarfssamningi (FFPA og FFPD) varðandi skipulag samstarfs félaganna sem munu vinna að uppbyggingu í Finnaðarverkefni, komi til þess. Aðilar hafa skipst á skjölum og sjónarmiðum af þessu tilefni. Einnig liggur fyrir að þann 14. september nk. munu lögmenn sveitarfélaganna hitta samstarfsaðila á fundi í Bremen í því skyni að vinna áfram að samstarfssamningnum. Þegar drög að öllum skjölum og samningum liggja fyrir munu þau verða kynnt sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna, auk þess sem nauðsynlegt er að náð samráð verði haft við samstarfshóp þann sem skipaður hefur verið með aðild ríkisins.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og óskaði eftir fundarhléi, kl. 17:25. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:30.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.